



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 442

Örnólfur M. Örnólfsson
og
Stefanía Ósk Guðmundsdóttir

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 442

Örnólfur M. Örnólfsson
og
Stefanía Ósk Guðmundsdóttir

Formáli

Örnólfur M. Örnólfsson var fæddur að Suðureyri við Súgandafjörð 23. mars 1917, dáinn 2. maí 1987. Foreldrar hans voru Margrét Þórlaug Guðnadóttir fædd 11. nóvember 1883 fædd í Tungu í Skutulsfirði, dáin 31. janúar 1960 og Örnólfur Jóhannesson fæddur 22. ágúst 1879 dáinn 11. Júlí 1955. Örnólfur byrjaði skólanám haustið sem hann var 8 ára hjá Hallbirni Oddssyni húsmanni á Suðureyri og var hjá honum til áramóta, þá fór hann í Barnaskóla Suðureyrar. Fullnaðarpróf úr Barnaskólanum tók Örnólfur 15. apríl 1931. Réði sig um haustið á m/b Súganda. Nær jólum 1932 ræður hann sig á m/b Njál til Jóhanns Halldórssonar og fór haustið eftir á m/b Draupni og var þar fram á vor. Í ágústmánuði það ár fer Örnólfur til Reykjavíkur og ræður sig sem sendil hjá Eiríki Hjartarsyni rafmagnsfræðingi og gerir ári seinna við hann námssamning. Eftir skrifum Örnólfs að dæma var hann 18 ára þegar hann fer á námssamning í rafvirkjun. Örnólfur klárar lðnskólann í Reykjavík 1940 og verður rafvirkjameistari 1943.

Eiginkona Örnólfs var Stefanía Ósk Guðmundsdóttir fædd 27. maí 1915 á Ísafirði dáin 27. ágúst 2010. Foreldrar Stefaníu voru Guðmundur Kristjánsson fæddur 19. október 1876 að Hvammi í Dýrafirði, dáinn 24. maí 1962 og Ingileif Stefánsdóttir fædd 5. Júlí 1887 að Haughúsum á Álftanesi, dáin 3. september 1964.

Örnólfur og Stefanía gengu í hjónaband 29. maí 1940 og byrjuðu sinn búskap í Reykjavík. Þau flytja til Húsavíkur 1945 og var Örnólfur þar rafveitustjóri til ársins 1953 að þau flytja aftur til Reykjavíkur. Örnólfur rekur eigið fyrirtæki ásamt bróður sínum Árna í nokkur ár en ræður sig síðan til Rafmagnsveitu ríkisins og vann þar til dauðadags. Börn þeirra eru: Ingileif fædd 1940, Margrét 1942, Örnólfur 1945, Sóley 1946, Eva 1948, Ólöf 1950 og Aðalsteinn 1953.

Eva Örnólfsdóttir afhenti skjöl foreldra sinna.

Einkaskjalasafn nr. 442 er í öskju ásamt einkaskjalasöfnum nr. 434 og nr. 441.

Skjalaskrá

Örk 1

Tvær stílabækur með skriftaræfingum.

Stílabók með frásögnum og nokkur orð um Hallgrím Pétursson flutt, á stúkufundi í Dagrún árið 1934.

Stílabók merkt Jóhannesi Þ. Jónssyni Grettisgötu 7, vísur skráðar í bókina.

Jóla kort.

Örk 2

Fæðingar- og skírnavottorð Örnólfs undirritað af sóknarprestinum Halldóri Kolbeins. Fæddur 23. mars 1917, skírður 17. maí 1917, fermdur í Staðarkirkju hvítasunnudag 24. maí 1931.

Bólusetningarskírteini frá Suðureyri 13. júlí 1930.

Endurbólusetningavottorð 28. júní 1931.

Fullnaðarprófsskírteini vorið 1931, Súgandafjarðarskólahérað.

Fermingarkort frá Eyju og Sjönu, systur hans, 24. maí 1931.

Námssamningur – námið hefst 1. maí 1936 og kennslutími ákveðinn 4 ár. Undirritað 24. október 1936.

Hjónavígslubréf 29. apríl 1940 og vottun svaramanna 10. maí 1940.

Sveinsbréf 27. júní 1940.

Prófverkefni raflögn á Digranesbletti 78 í Kópavogi.

Burtfaravottorð frá lðnskólanum í Reykjavík, kvöldskólinn, 4. maí 1940.

Meistarabréf í rafvirkjun, undirritað 14. september 1943.

Staðfesting frá Eiríki Hjartarsyni um störf Örnólfs hjá honum frá 28. desember 1944.

Aldursvottorð frá Þjóðskjalasafni 19. október 1944.

Leyfisbréf til rafvirkjunar við lágspennuvirki, 1. febrúar 1945.

Leyfisbréf til smásöluverslunar 9. júlí 1952.

Löggildingarskírteini rafmagnsvirkja í Reykjavík 26. ágúst 1952.

Beiðni um löggildingu við lágspennuvirki 12. júlí 1952.

Undanþága til að annast ekki bókhald sjálfur. Atvinnumálaráðuneytið 3. júlí 1952.

Samþykki borgarráðs um löggildingu eftir að ákveðin skilyrði hafi verið uppfyllt.

Staðfesting um inneign kr. 3.000 sem tryggingu fyrir löggildingu við lágspennuveitur. 27. ágúst 1952

Staðfesting á að Örnólfur hafi byggt upp háspennukerfi á Húsavík árið 1946 ásamt eftirliti með háspennulínu frá Laxá til Húsavíkur frá 7. desember 1947 til 19. júní 1952.

Háspennulöggildingarpróf, staðið 3. júní 1958.

Leyfisbréf til rafvirkjunar við háspennuvirki 20. janúar 1959.

Skrautritað jóla kort frá Örnólfi M. Örnólfssyni til Stefaníu Óskar.

Fæðingar- og skírnavottorð Stefaníu undirritað af Marínó Kristinssyni fædd. á Ísafirði 27. maí 1915, skírð 24. október 1915.

Bólusetningar vottorð frá 8. maí 1940.

Þakklætisvottur SÍS fyrir 25 ára þjónustu, vann við ræstingar hjá Sambandinu.

Margrét Þórlaug Guðnadóttir fædd í Tungu í Skutulsfirði síðar á Stekkjanesi. móðir Örnólfs.

Bólusetningarvottorð frá 15. júní 1897.

Ættartala Stefaníu og Örnólfs tekin af netinu síðast uppfærð 2008.

Skráð í desember 2010 og í febrúar 2012,
Bergþóra Annasdóttir